

# Breytt tillaga Finnboga um útilífsráð



Í tillögu sinni leggur Finnbogi fram breytingu á 21. og 22. grein laga BÍS þess efnis að sætum í stjórн BÍS sé fjölgað um eitt með þeim hætti að meðstjórnendur verði 6 í stað 7. Eru þessar breytingar dregnar til baka svo eingöngu standi eftir tillaga um breytingu á 25. grein laga BÍS þess efnis.

## 25. grein laga BÍS verður þá:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt **fimm** fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, **útilífsráð**, ungmennaráð og stjórн Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á ungmenningarþingi. Að auki situr stjórnararmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórн getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingum með fundarboði skátaþings.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

- Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnrískátafélag, sveitarforingja og flokksforingja.
- Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Hlutver útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélog og BÍS standa fyrir.**
- Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmannalýðræði innan stjórnerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þáttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.
- Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunngildum Bandalags íslenskra skáta.

Flutningsmaður: Finnbogi Jónasson

